

Skólaráðsfundur

30.janúar 2012

Mætt voru; Börkur skólastjóri, Inga aðstoðarskólastjóri, fulltrúi starfsmanna : Þorsteinn, fulltrúi kennara : Sigurlína, fulltrúar foreldra: Ingólfur og Hafdís, fulltrúar nemenda : Mist og Sölvi Karl.

Börkur hóf fundinn með því að kynna nýja reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Þessi reglugerð kemur í stað reglugerðar um skólareglur. Skólafulltrúar höfðu fengið reglugerðina senda í tölvupósti fyrir fundinn. Hann óskaði hugmynda hvernig best væri að kynna reglugerðina fyrir nemendum og foreldrum. Spurning um kynningu á bekkjarfundum hjá eldri nemendum.

Foreldrum verði sendur hluti kynningar í tölvupósti og settur tengill á heimasíðuna í reglugerðina.

Spurt um áherslu á eineltisáætlun og Olweus vinnu og nauðsyn á því að halda þeirri vinnu á lofti. Rætt um fundi með foreldrum í því sambandi.

Hvernig getum við betur stuðlað að jákvæðum skólabrag ? Við leggjum áherslu á gildi skólans og teljum að takist vel upp með að halda þeim á lofti stuðli það að góðum skólabrag.

Rætt um skólapeysur/boli og hugsanlegt að ræða um að skoða framleiðslu/sölu á slíkum fatnaði.

Stungið uppá að flagga á afmælisdögum nemenda eða gera eitthvað annað til að vekja athygli á einstaklingum.

Stutt umræða um tilbreytingardaga skóladagtsins s.s. dagskrá öskudags.

Börkur minntist stuttlega á fjárhagsáætlun skólans vegna ársins 2012. Fjárhagur skólans er í góðu standi, fór 0,1 % framúr áætlun síðasta árs. Enginn niðurskurður á næsta ári í fjármagni til skólans, stendur í stað frá síðasta ári.

Spurt um niðurstöður starfshóps um breytingar á skólastarfi í Vesturbæ. Engin viðbrögð borist enn.

Næsti fundur 20/2 2012

Fundi slitið Inga Sigurðardóttir